



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Fundur aðalstjórnar fimmtudagur 25. ágúst kl. 17:15 í Stjörnuheimilinu.

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Viðar Erlingsson (VE), og Víctor Ingi Olsen (VIO).

Fundargerð

1. Málefni meistaraflokks kvenna í handknattleik

Handknattleiksdeild Stjörnunnar sendi gær frá sér tilkynningu til fjölmiðla um að félagið hafi dregið lið meistaraflokks kvenna úr keppni.

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar er ósammála niðurstöðu handknattleiksdeildar og telur að sú staða sem upp er komin sé óásættanleg og þjóni á engan hátt hagsmunum félagsins og handboltans í Stjörnunni. Aðalstjórn samþykkir einróma að ákvörðun deildarinnar skuli hnekk.

Rætt um þá möguleika sem kunna að vera í stöðunni.

Á fundinn mættu Baldur Ó Svavarsson formaður handknattleiksdeildar og Ragnheiður Traustadóttir gjaldkeri. Farið var yfir þeirra sýn á aðdraganda málsins. Niðurstaða umræðunnar er að Baldur óskar eftir að láta af störfum sem formaður handknattleiksdeildar. Aðalstjórn fellst á afsögn hans. Þar með fellur niður starfsumboð stjórnar handknattleiksdeildar.

Aðalstjórn samþykkir að skipa til bráðabirgða eftirtalda aðila í stjórn handknattleiksdeildar Stjörnunnar: Sigurður Bjarnason formaður, Ragnheiður Traustadóttir form mfl ráðs karla, Unnur B Johnsen form mfl ráðs kvenna og Arnar Jónsson form barna- og unglingaráðs.

Aðalstjórn samþykkir drög að rekstraráætlun mfl kvenna fyrir keppnistímabilið 2011 – 2012. Framkvæmdastjóri og gjaldkeri félagsins munu vinna með handknattleiksdeild að frekari útfærslu áætlunarinnar eftir því sem fyrirbyggjandi verkefni vindur fram.

Fundarmenn munu mæta á fund með leikmönnum meistaraflokks í framhaldi af þessum fundi og lýsa þannig yfir stuðningi aðalstjórnar við meistaraflokk kvenna í handknattleik.

Fundi slitið kl. 19:05.